

GJALDSKRÁ

fyrir sorpurðun og sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við íbúð er sem hér segir:

Sorphirðugjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli	kr. 17.000
Sorpeyðingargjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli	kr. 15.000

Sorphirðugjald í dreifbýli þar sem sorp er sett í safngáma:

Árlegt gjald er sem hér segir:

Sorpeyðingargjald, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr. 45.000 / býli
Sorpeyðingargjald, íbúðarhúsnæði í dreifbýli	kr. 15.000 / íbúð
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir	kr. 15.000 / hús
Sorpeyðingargjald, gripahús á skipulögðum svæðum	kr. 4.000 / séreign

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Almenningur greiðir ekki fyrir úrgang sem til fellur myndast við venjulegan heimilisrekstur, en ætlast er til að hann sé flokkaður.

Einungis þarf að greiða fyrir stærri farma s.s. úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis.

Móttökugjöld fyrir einstaka efnisflokka:

Flokkur 1. Óflokkað í urðun:

Byggingarúrgangur, blandaður	14 kr./kg
Blandaður úrgangur í urðun	14 kr./kg
Timbur, málað/fúavarið	14 kr./kg
Múrbrot – flísar – postulín	2 kr./kg
Lífrænn úrgangur til urðunar	9 kr./kg

Áhættuflokkur skv. 1.-3. gr. reglugerðar nr. 820/2007

Flokkur 2. Flokkað til endurnýtingar:

Timbur, hreint (ekki málað/fúavarið)	8 kr./kg
Járn/málmar	0 kr./kg
Garðaúrgangur	0 kr./kg

Flokkur 3. Úrgangur sem ekki þarf að greiða fyrir:

Bylgjupappi.
 Umbúðir úr sléttum pappa.
 Dagblöð og tímarit.
 Fernur.
 Filmuplast.
 Heyrúlluplast.
 Stórsekkir.
 Hjólbarðar.
 Rafgeymar.
 Rafhlöður.
 Málning.
 Önnur spilliefni.

Flokkur 4. Lífræn efni beint til jarðgerðar:

Kjöt og sláturúrgangur	20 kr./kg
Fiskúrgangur	20 kr./kg
Lífrænn heimilisúrgangur	20 kr./kg

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til veitu- og framkvæmdasviðs sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisauka-skatts.

5. gr.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2013. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2014 og fellur þá eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1063/2010 úr gildi.

Sauðárkróki, 17. desember 2013.

Ásta Pálmadóttir sveitarstjóri.